

**Ed.**  
um sóknargjöld.

## **27. Frumvarp til laga**

[24. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

### **1. gr.**

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16 til 67 ára á skattárinu, sem er heimilisfastur hér á landi, er í þjóðkirkjusöfnuði og greiðir útsvar samkvæmt IV. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal árlega greiða sóknargjald.

### **2. gr.**

Sóknargjaldið skal vera 1% af útsvari gjaldanda, en þó skal það eigi vera lægra en 500 krónur fyrir einstakling og 1000 krónur fyrir hjón.

Nú telja hjón fram sameiginlega og einungis annað hjóna er innan aldursmarka samkvæmt 1. gr. og skal sóknargjaldið þá reiknað af hálfu útsvari þeirra.

Sóknarnefndum er heimilt að ákveða, að fengnu samþykki ráðherra, að sóknargjald skuli vera allt að 1½% af útsvari gjaldanda. Í Reykjavíkúrprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. 1. nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni, eftir tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og að fengnu samþykki ráðherra.

### **3. gr.**

Hver sá, er telst til skráðs trúfélags utan þjóðkirkjunnar, sbr. lög um trúfélög, skal greiða árlega til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum annars hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

### **4. gr.**

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 3. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð, er nemur sóknargjaldi, er honum annars hefði borið að greiða.

### **5. gr.**

Þeir, sem annast álagningu útsvara, skulu jafnframt annast álagningu sóknargjalda og gjalda samkvæmt 4. gr. svo og gjalda samkvæmt 3. gr., ef viðkomandi trúfélag óskar þess. Um álagningu þessara gjalda gilda að öðru leyti sömu reglur og um útsvör, eftir því sem við á.

Sóknarnefndir skulu tilkynna þeim, er álagninguna annast, ákvarðanir, er varða álagninguna, fyrir 1. febrúar ár hvert.

### **6. gr.**

Gjalddagi og eindagi sóknargjalda og gjalda samkvæmt 3. og 4. gr. er hinn sami sem á útsvörum. Um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti gilda sömu ákvæði um gjöld þessi og gilda um útsvör eftir því sem við á.

### **7. gr.**

Sóknargjald skal greiðast til þeirrar sóknar, sem gjaldandi átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá.

Gjald samkvæmt 3. og 4. gr. skal greiðast til viðkomandi trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu hjá þjóðskrá miðað við næstliðinn 1. desember.

### **8. gr.**

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn hæfilegri innheimtuþóknun, þó aldrei hærri en 6% af innheimtu fé.

Stjórn skráðs trúfélags getur á sama hátt haft á hendi innheimtu gjalds skv. 3. gr.

Ríkissjóður skal innheimta gjöld skv. 4. gr.

Sóknarnefndir og stjórnir skráðra trúfélaga geta falið sveitarstjórnnum eða ríkissjóði innheimtu sóknargjalda og gjalda skv. 3. gr.

Ef sveitarstjórnir eða ríkissjóður innheimta framangreind gjöld, skal þeim skilað viðkomandi söfnuði, trúfélagi eða Háskólanum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

#### 9. gr.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu þau koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1976.

#### 11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 36 1. apríl 1948 um sóknargjöld svo og lög nr. 40 20. maí 1964 um breyting á þeim lögum.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt í lok síðasta Alþingis, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Gildandi lög um sóknargjöld eru að meginstofni til frá árinu 1948. Samkvæmt þeim er sóknargjald persónugjald eða nefskattur, sem allir menn á aldrinum 16 til 67 ára skulu greiða. Gjaldið er mismunandi hjá hinum einstöku sóknum, þar sem ákvörðunarvald um álagningu gjaldsins er, innan vissra marka, hjá söfnuðunum sjálfum.

Eftir lagabreytingu, er gerð var á árinu 1972, þegar almannatryggingagjaldið var fellt niður, er sóknargjaldið eini nefskatturinn, sem enn er lagður á. Veldur þetta óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda, einkum í Reykjavík, þar sem allmargir tekjulitlir gjaldendur greiða nú engan annan skatt en sóknargjald.

Breyting sú, er í frumvarpinu felst, er fyrst og fremst sú, að horfið er frá gildandi reglu að innheimta sóknargjaldið sem nefskatt. Í stað þess er það lagt á sem ákveðinn hundraðshluti af álögðu útsvari gjaldanda. Helsti kosturinn við þessa tilhögun er sá, að hún tryggir sjálfkrafa aðlögun að hækkandi verðlagi og tekjum og þar með útgjöldum safnaðanna. Auk þess er sniðinn af sá vankantur, er áður greinir, um óhæfilegan kostnað við innheimtu gjalda hjá þeim, er engan annan skatt greiða. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir, að hver gjaldandi sóknargjalds greiði lágmarksfjárhæð, sem í frumvarpinu er ákveðin 500 krónur fyrir einstakling og 1000 krónur fyrir hjón. Með lágmarksgjaldi þessu er tryggt ákveðið samræmi í álagningu gjaldsins og verður fámennari og fátækari sóknum einkum til hagsbóta.

Á síðasta kirkjuþingi var álagning sóknargjalda til meðferðar og var þar samþykkt frumvarp, er gengur í öllum meginatriðum í sömu átt og frumvarp þetta gerir. Þar var þó gert ráð fyrir meiri gjaldtöku en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þeir einir greiði sóknargjald, sem greiða útsvar. Er hér að framan getið þeirra ástæðna, er liggja til grundvallar þessari breytingu frá gildandi lögum.

#### Um 2. gr.

Breyting frá gildandi lögum er fyrst og fremst sú, að sóknargjaldið skal samkvæmt þessari grein innheimt sem hundraðshluti af útsvari en ekki sem nefskattur.

Skal sóknargjaldið nema 1% af útsvari, en þó eigi lægri fjárhæð en 500 krónum fyrir einstakling og 1000 krónum fyrir hjón. Áður er getið meginástæðna, er liggja hér til grundvallar ákvæði þessu.

Í 3. mgr. er ákvæði, er gefur sóknarnefndum möguleika til þess að hækka greindan hundraðshluta í allt að 1½% að fengnu samþykki ráðherra.

Ákvæði í 3. gr. gildandi laga um sóknargjöld, er heimila sóknarnefndum að leggja á viðbótargjald, ef tekjur kirkju hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, er eigi tekið upp í frumvarp þetta, enda kemur 3. mgr. þar nokkuð í stað. Greint ákvæði 3. gr. gildandi laga hefur eftir því sem best verður vitað, sjaldan verið notað. Ákvæði síðari hluta 3. mgr. er fyrst og fremst sett af hagkvæmnisástæðum og er í samræmi við venju, er skapast hefur.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út, hvernig álagning muni koma út fyrir þetta ár samkvæmt ákvæðum frumvarpsins miðað við álagningu á síðasta ári og er niðurstaðan í meginatriðum þessi: Á árinu 1974 nam álagning í Reykjavík 35 milljónum króna og var sóknargjaldið þá 750 krónur á einstakling og 1500 krónur á hjón. Ekki liggja fyrir öruggar upplýsingar um samanlögð sóknargjöld utan Reykjavíkur á síðasta ári vegna þess, hve sóknargjaldið er mismunandi í hinum einstöku sóknum. Sé gert ráð fyrir, að sóknargjaldið hafi alls staðar verið það sama og í Reykjavík, þ. e. 750 krónur á einstakling og 1500 krónur á hjón, þá áætla Þjóðhagsstofnun að samtals hefðu sóknargjöld utan Reykjavíkur getað numið 55 milljónum króna á síðasta ári. Sé miðað við álagningu eftir ákvæðum 1. mgr., þá áætla Þjóðhagsstofnun, að sóknargjöld í Reykjavík í ár gætu numið 35 milljónum króna, en utan Reykjavíkur 51 milljón króna. (Hér er gert ráð fyrir, að sveitarfélög neyti heimildar um 11% álagningu). Neyti sóknarnefndir heimildar 3. mgr., þá verður niðurstaðan sú, að sóknargjöld í Reykjavík gætu numið 56 milljónum króna, en utan Reykjavíkur 76 milljónum króna. (Hér er einnig miðað við 11% útsvarsálagningu).

#### Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld með þeim breytingum, er leiða af ákvæðum laga um trúfélög.

#### Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 4. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld að öðru leyti en því, að í stað núverandi ákvæða þess efnis, að gjaldið skuli renna í prófgjaldasjóð, kemur ákvæði um, að það renni í Háskólasjóð. Hér er þó í rauninni um sama sjóð að ræða, þar sem prófgjaldasjóður hefur verið lagður niður, en í stað hans hefur Háskólasjóður að verulegu leyti komið.

#### Um 5. gr.

Þegar sóknargjaldið er lagt á sem ákveðið hlutfall af útsvari, eins og frumvarp þetta kveður á um, þá er æskilegt af hagkvæmnisástæðum, að sami aðili fjalli um álagningu sóknargjaldsins og annast álagningu útsvara. Önnur tilhögun gæti leitt til óhagræðis fyrir þann, sem innheimtir gjaldið og þá ekki síst fyrir gjaldanda sjálfan, einkum í þeim tilfellum, þegar breyting verður á útsvari hans og álagningargrundvöllur sóknargjaldsins breytist. Það er nauðsynlegt, að allar breytingar, er verða á útsvari gjaldanda, leiði sjálfkrafa til breytinga á sóknargjaldinu. Því er talið æskilegt, að þeir aðilar, er leggja á útsvarið, skattstjórar eða sveitarstjórnir, annast jafnframt álagningu sóknargjaldsins. Í þessari grein er ákvæði um, að trúfélög geti lagt sjálf á gjald samkvæmt 3. gr. og er það í samræmi við áralanga venju.

#### Um 6. gr.

Ef gjöld, samkvæmt lögum þessum, eru innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarstjórnnum, er nauðsynlegt, að sömu innheimtureglur gildi um þau og önnur opinber gjöld.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða reglur, sem að verulegu leyti hefur verið fylgt í raun, enda þóti ákvæði hafi skort um það í lögum. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. laga um trúfélög. Hér er þó nánar kveðið á um hvaða tímamark eigi að miða við.

Um 8. gr.

Að verulegu leyti er ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. gildandi laga um sóknargjöld. Hér er þó nánar kveðið á um innheimtu gjalda utanþjóðkirkjumanna. Ákvæði er um að innheimtumenn ríkissjóðs skuli annast innheimtu gjalda samkvæmt 4. gr. og stjórnir trúfélaga geta innheimt gjöld, er renna eiga til þeirra. Eigi er tekið upp í frumvarpið ákvæði 5. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld þess efnis, að utanþjóðkirkjumönnum beri að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt gjald sitt til síns safnaðar eða Háskólans, ella beri þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar. Þetta ákvæði samrýmist ekki fyllilega ákvæðum 7. gr., þar sem trúfélagsskráning hjá þjóðskrá er lögð til grundvallar álagningu þessara gjalda.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.